
Minnisblað

Dagsetning: 11. apríl 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 2001208/6.1.1

Efni: **Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi afléttingu takmarkana á samkomum vegna COVID-19 eftir 4. maí 2020**

Takmarkanir á samkomum vegna yfirstandandi faraldurs COVID-19 voru fyrst settar þ. 13. mars 2020 af heilbrigðisráðherra og síðan hertar þ. 24. mars 2020 skv. tillögum sóttvarnalæknis. Samkvæmt auglýsingu frá 24. mars 2020 áttu takmarkanirnar að standa til 12. apríl 2020 kl. 23:59. Sóttvarnalæknir sendi minnisblað til ráðherra þ. 1. apríl 2020 þar sem lagt var til að takmarkanir á samkomum yrði framhaldið til 4. maí 2020 og voru þær tillögur staðfestar af ráðherra.

Í dag hafa alls 1.698 einstaklingar greinst með COVID-19 hér á landi en alls hefur 101 einstaklingur lagst inn á sjúkrahús, 29 á gjörgæsludeild, 16 einstaklingar þurft á aðstoð öndunarvéla að halda og átta látist. Nýsmitum hefur hins vegar farið fækkandi á undanförunum dögum og má telja víst að faraldurinn sé í rénun hér á landi og megi það þakka þeim víðtæku samfélagslegu aðgerðum sem gripið hefur verið til. Jafnframt hafa rannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar sýnt að samfélagslegt smit er lítið eða minna en 1%.

Þar sem vel hefur gengið að hindra framgang veirunnar hér á landi þá er líklegt að ónæmi í samfélaginu gegn henni sé lítið en ætlunin er að fá frekari staðfestingu á því með mótefnamælingum. Þetta þýðir að ef slakað er um of á þeim aðgerðum sem í gangi eru er hætt við að faraldurinn blossi upp aftur.

Ég legg því til að þeim takmörkunum á samkomum sem nú eru í gangi verði aflétt í nokkrum skrefum næstu mánuði með 3–4 vikna millibilum. Einnig er lagt til að fjöldasamkomur hér á landi verði takmarkaðar við að hámarki 2.000 einstaklinga a.m.k út ágúst n.k. Tillögur að nánari útfærslu á þessu verða sendar síðar.

Ég legg hins vegar áherslu á að áfram þarf að greina hratt einstaklinga með COVID-19, einangra sýkta, rekja smit og beita sóttkví á einstaklinga sem grunaðir eru um smit. Þessu þarf að viðhalda a.m.k. út árið 2020. Jafnframt þarf að viðhalda leiðbeiningum til einstaklinga um sóttvarnir sem einkum snúa að handþvotti og almennu hreinlæti, viðhaldi á nándarmörkum (2 m) og verndun viðkvæmra hópa.

Mjög mikilvægt er einnig að grípa til ráðstafana sem miða að því að hindra að veiran berist hingað til lands með erlendum eða íslenskum ferðamönnum. Nú er í gangi vinna starfshóps undir forystu ríkislögreglustjóra til að kanna hvernig slíkt gæti verið útfært. Þegar niðurstaða starfshópsins liggur fyrir er von á frekari tillögum frá sóttvarnalækni varðandi þær aðgerðir.

Sóttvarnalæknir leggur til að aflétting takmarkana frá og með 4. maí felist í eftirfarandi:

1. Breyting á auglýsingu um samkomubann sem felur í sér að fjöldi þeirra sem koma mega saman verði 50.

2. Skólastarf

- Í leik- og grunnskólum verði skólastarf með eðlilegum hætti.
- Í framhalds- og háskólum verði starfsemi miðuð við að hópar verði ekki stærri en 50 einstaklingar. Halda skal 2 metra fjarlægð eins og kostur er.
- Í framhalds- og háskólum verði skólastarfi lokið með þeim takmörkunum sem nú gilda að öðru leiti.

3. Efnahagslega mikilvæg fyrirtæki

Fyrirtæki sem fengið hafa undanþágu fyrir sína starfsemi og þurfa að hafa fleiri en 50 saman á vinnustað halda sínum undanþágum skv. lista frá heilbrigðisráðuneyti.

4. Opnun starfsemi án takmarkana

- Hárgreiðslustofur
- Nuddstofur
- Sjúkraþjálfun
- Snyrtistofur
- Söfn

Sambærileg starfsemi geti hafið starfsemi en halda skal 2 m fjarlægð milli viðskiptavina eins og kostur er.

5. Verslun og þjónusta

- Að hámarki verði 50 einstaklingar á sama tíma í öðrum verslunum og þjónustufyrirtækjum en matvöru og lyfjaverslunum.
- Óbreyttar reglur varðandi matvöruverslanir og lyfjaverslanir.
 - 100 einstaklingar hverju sinni í verslunum upp að 1000m² og einn til viðbótar fyrir hverja 10m² að hámarki 200 einstaklingar.

6. Íþróttastarfsemi

- Ekki fleiri en fjórir fullorðnir séu saman við æfingar.
 - Þetta á við alla t.d. hlaup, hjólreiðar, knattspyrnu eða golf.
- Íþróttastarf barna og unglinga að 15 ára geti farið í gang ef reglum um 2 m fjarlægð geta verið virt og hópar eru ekki stærri en 50.
- Við æfingar séu amk 2 m á milli íþróttafólks.
- Ekki sé sameiginleg notkun á búnaði án þess að hann sé sótthreinsaður á milli notkunar.
 - Þetta á við um t.d. lóð, frjálsíþróttabúnað, bolta og golfbolta.

7. Valkvæðar aðgerðir í heilbrigðiskerfinu

Metið verði í ljósi stöðu heilbrigðiskerfisins í lok apríl hvaða valkvæðu aðgerðir verði heimilt að framkvæma.

- Tannlækningar verða heimiliðar frá 4. maí.

Lagt er til að önnur aðgerð við að aflétta samkomutakmörkunum verði auglýst 2. júní 2020 að fengnum tillögum sóttvarnalæknis.

Með kveðju,

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir